



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna smáhýsa

Pann 14. september 2022 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokks fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um kostnað vegna smáhýsa:

Hinn 20. september 2018 samþykkti borgarráð að kaupa smáhýsi í þágu verkefnisins „Húsnæði fyrst“, sem hefur verið rekið á vegum velferðarsviðs. Í framhaldi af útboði gekk innkauparáð hinn 27. maí 2019 að tilboði Yabimo ehf. um smíði 20 smáhýsa. Framkvæmdum við uppsetningu á fimm smáhýsum og lóðarfrágangi við Gufunesveg lauk í desember 2020. Kostnaður vegna uppsetningar þessara 5 smáhýsa nam 33,4 m.kr. eða samtals 167 m.kr.

- 1. Hversu mikil nýting hefur verið á áðurnefndum 5 smáhýsum á tímabilinu 1. janúar 2021 til og með 31. ágúst 2022, þ.e. hversu margir hafa nýtt sér þetta úrræði og hversu margar hafa gistinæturnar verið á þessu tímabili?*
- 2. Hver var kostnaður velferðarsviðs við að reka áðurnefnd 5 smáhýsi við Gufunesveg á sama tímabili, þ.e. frá 1. janúar 2021 til og með 31. ágúst 2022?*
- 3. Fyrir utan smáhýsin við Gufunesveg, hversu mörg af hinum 15 hafa verið tekin í notkun, hvar hafa þau verið starfrækt og hver hefur verið kostnaðurinn af því að reka þau?*
- 4. Hversu mörg smáhýsi eru núna geymd á svæði Reykjavíkurborgar við Skeljanes í Skerjafirði og hver hefur verið kostnaðurinn af því að geyma þau þar?*

Svar:

1. Gerðir hafa verið leigusamningar við alls 11 einstaklinga vegna húsanna fimm við Gufunesveg frá því húsin voru tekin í notkun í lok árs 2020. Nýting smáhúsanna við Gufunesveg hefur almennt verið góð. Einu skiptin sem smáhúsin standa auð er þegar íbúi flytur út og verið er að standsetja þau fyrir nýjan íbúa en ávallt er reynt að flýta því ferli eins og kostur er. Við Gufunesveg hafa standsetningar tekið frá 22 dögum og upp í 30 daga. Tvö húsanna tóku mun lengri tíma í standsetningu vegna vatnsskemmda, leka eða galla í hitakerfi og eyðileggingar á íbúð. Standsetning þessara tveggja húsa tók annars vegar um 3 mánuði og hins vegar 6 mánuði.

2. Eignaskrifstofa á smáhúsin og leigir velferðarsviði, sem úthlutar húsunum til einstaklinga sem eru á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði. Félagsbústaðir hafa umsjón með og sjá um viðhald húsanna og samskipti við leigjendur svo sem gerð leigusamninga og fleira því tengdu. Leigukostnaður velferðarsviðs vegna smáhúsanna við Gufunesveg er 1.134.086 kr. á mánuði (226.817 kr. á mánuði fyrir hvert hús) eða 22.681.720 kr. fyrir tímabilið 1. janúar 2021 til 31.



ágúst 2022. Samkvæmt upplýsingum frá Félagsbústöðum hefur félagið þurft að bera tæpan 500.000 kr. kostnað við rekstur smáhúsanna við Gufunesveg á tímabilinu.

3. Í Skógarhlíð eru tvö hús sem tekin voru í notkun í árslok 2021. Einnig er lokið uppsetningu á þremur húsum við Kleppsmýrarveg og munu íbúar flytja inn á næstu dögum.

Eignaskrifstofa hefur ekki enn rukkað velferðarsvið fyrir leigukostnaði en gera má ráð fyrir að kostnaður vegna þessara húsa verði sambærilegur og vegna húsanna við Gufunesveg. Samkvæmt upplýsingum frá Félagsbústöðum hefur félagið þurft að bera 1.374.091 kr. vegna smáhúsanna í Skógarhlíð á tímabilinu janúar 2021 til ágúst 2022. Ástæður fyrir auknum kostnaði er vegna ófyrirséðra aðstæðna ásamt því að lagfæra þurfti húsið vegna skemmda.

Á næstu mánuðum er áformað að taka í notkun tíu hús til viðbótar. Búið er að setja upp tvö hús á Héðinsgötu sem verða væntanlega tilbúin til innflutnings íbúa í nóvember 2022. Í Laugardal verða fimm hús og er áætlað að þau verði tilbúin til innflutnings í desember 2022. Á Stórhöfða verða þrjú hús og er áætlað að þau verði tilbúin til innflutnings í byrjun árs 2023. Hafa ber í huga að veðurfar og aðstæður aðrar geta haft áhrif á lok framkvæmda.

4. Átta hús eru nú geymd í Skerjafirði, sem sett verða upp í Laugardalnum og á Stórhöfða. Húsin eru geymd á umráðasvæði Reykjavíkurborgar og er kostnaður við geymslu óverulegur og felst aðallega í eftirlits- og rafmagnskostnaði vegna upphitunar húsanna.